

Fundargerð hreppsnefndar 07. janúar 2016

Fundur nr. 33 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 7. janúar 2016 í félagsheimilinu Miklagarðikl. 16:00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Steingrímur R. Árnason, Sigríður Bragadóttir, Sigurjón H. Hauksson og Elísa Joesen Creed.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

a) Fræðslunefndar dags. 25. nóvember 2015

Fundargerðin samhljóða samþykkt

b) Íþrótt- og æskulýðsnefndar dags. 9. desember 2015

Fundargerðin samhljóða samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru á lið 1. er varðar opnunartíma Selárlaugar á fundi þann 10.12.2015

c) 24. fundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Lagt fram til kynningar

d) 42. fundar Brunavarna á Austurlandi

Sveitarstjóri gerði nánari grein fyrir fundinum, einkum stöðu brunavarnaráætlunar, að beiðni oddvita. Lagt fram til kynningar

e) 140. fundar Félagsmálanefndar

Lagt fram til kynningar

f) 833. og 834. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar

g) Um Safnahúsið á Egilsstöðum dags. 11. desember 2015

Lagt fram til kynningar

2. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a) Guðrún Hildi Gunnarsdóttur

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita Guðrúnu Hildi lausnar frá sveitarstjórnarstöfum meðan á námi hennar stendur.

3. Almenn mál:

a) Auglýsing um hámarkshraða í þéttbýlinu á Vopnafirði

Lagt fram til kynningar

b) Verndarsvæði í byggð

Lagt fram til kynningar

c) Ljósleiðaravæðing í dreifbýli og þéttbýli Vopnafjarðar
Lagt fram til kynningar

d) Ályktanir af aðalfundi NAUST 2015
Samþykkt samhljóða að vísa ályktunum á aðalfundi NAUST til skipulags- og umhverfisnefndar til umfjöllunar.

e) Um undanþáguákvæði virðisaukaskatts á fólksflutninga
Lagt fram til kynningar

f) „Frítíminn er okkar fag“
Sveitarstjórn felur fulltrúa íþrótta- og æskulýðsmála að koma með tillögur að stofnun ungmennaráðs sem unnar verði í samráði við íþrótta- og æskulýðsnefnd. Tillögurnar verði lagða fyrir sveitarstjórn á fundi 18. febrúar nk. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 16:46.

[Fylgigögn fundar 070116.pdf](#)